

A 1919/PRE

Flytjandi Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla Forsætisnefndin

Þingmannatillaga um að laga skipulag Norðurlandaráðs að breyttum aðstæðum í utanríkis- og öryggismálum

Tillaga

Flokkahópur miðjumanna leggur til

að Norðurlandaráð ákveði

að gera í samvinnu við þjóðþingin breytingar á skipulagi og starfsemi ráðsins sem hafi það að markmiði, með vísan til breyttra aðstæðna í öryggismálum á alþjóðavettvangi, að auka gagnsæi sameiginlegra ákvarðana Norðurlanda á sviði utanríkis-, öryggis- og varnarmála og gera þær áhrifaríkari.

Bakgrunnsupplýsingar

Innrás Rússa í Úkraínu í bága við alþjóðalög hefur leitt til þess að staðan í Evrópu hefur ekki verið óruggari frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Milljónir manna eru á flóttu, þúsundir hafa fallið og heilu borgirnar hafa verið jafnaðar við jörðu. Lýðræðislegur hluti Evrópu, svo sem ESB og norrænu löndin, hefur þó staðið saman í stríðinu. Við höfum stutt Úkraínu og úkraínsku þjóðina með ýmsum hætti. Þar má nefna fjárhagsaðstoð, vistir og lyf en einnig vopn.

Ein af afleiðingum árásarstríðs Rússa er umsókn Finna og Svía um aðild að varnarbandalaginu Nató. Jafnframt hafa Danir ákveðið að falla frá fyrirvara við varnarsamstarf ESB. Þetta er mikil breyting fyrir löndin sjálf en jafnframt mikilvæg út frá norrænu sjónarhorni.

Aðild Svía og Finna að Nató þýðir að öll norrænu löndin verða aðilar. Í því felast tækifæri fyrir okkur til að bregðast saman við, skipuleggja og móta sviðsmyndina, með allt öðrum hætti en áður. Hernaðarsamstarfið eflist og auk þess verður til ný umgjörð um samstarf á sviði allsherjaröryggis- og viðbúnaðarmála. Í því samhengi er einnig hægt að draga lærdóm af kórónuveirufaraldrinum sem við erum loksins komin í gegnum.

Frá aldamótum hefur oft komið til tals að efla hlut öryggismála bæði í Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni. Í kjölfar Stoltenberg-skýrslunnar svonefndu og með tilkomu NORDEFECO árið 2009 var rætt um að færa norrænt



Samstarf á sviði utanríkis- og varnarmála í formlegan farveg. Upp á síðkastið hefur sama umræða átt sér stað í tengslum við viðbúnaðar- og öryggismál í samræmi við tilmæli hinnar svokölluðu Enestam-skýrslu.

Frá innlimun Rússlands á Krímskaga árið 2014 hefur Norðurlandaráð að minnsta kosti tvisvar sinnum fjallað um stofnun sérstakrar nefndar um utanríkis-, öryggis- og varnarmál. Frá 2013 hefur Norðurlandaráð staðið fyrir árlegum hringborðsumræðum með ríkisstjórnunum og þjóðþingunum um öryggis- og varnarmál. Þær eru þó ekki álitnar svara þörfinni á gagnsæri norrænni þingumræðu um sameiginleg öryggismál í stöðu þar sem sameiginleg sviðsmynd er orðin mikilvæg með tilliti til sameiginlegra aðgerða.

Varnar-, viðbúnaðar og öryggismál voru ekki upprunalega á dagskrá Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Eina leiðin til þess að þessar stofnanir gætu verið til á tímum kalda stríðsins var að fjalla eingöngu um málefni sem ekki höfðu með stríð og frið að gera. Þriðji áratugur 21. aldar hefur fært okkur bæði alheimsfaraldur og stríðsátök í Evrópu. Með hliðsjón af þessum miklu breytingum er tilefni til þess að Norðurlandaráð endurskoði starfshætti sína og skipulag til að hámarka árangur og fylgja breyttum tímum. Þetta verður að gera í nánú samstarfi við þjóðþingin sem eiga aðild að Norðurlandaráði.

Norðurlöndum, 1. júní 2022

Anders Adlercreutz (sv)

Anders Eriksson (ÅF)

Annika Hirvonen (MP)

Arman Teimouri (L)

Bertel Haarder (V)

Edmund Joensen (V)

Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)

Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (Flf)

Hanna Katrín Friðriksson (Vr)

Heli Järvinen (gröna)

Jaspar Langgaard (sb)

Jouni Ovaska (cent)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Linda Modig (C)

Magnus Ek (C)

Mikko Kinnunen (cent)

Mikko Kärnä (cent)

Ola Elvestuen (V)

Outi Alanko-Kahiluoto (gröna)

Rasmus Ling (MP)

Simon Holmström (HI)

Stinus Lindgreen (RV)